

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. maí 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinber innkaup, 665. mál.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint mál. Frumvarpinu er ætlað að taka mið af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB um innkaup opinberra aðila á vörum, verkum og þjónustu. Markmið laganna skv. 1. gr. frumvarpsins er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.

Það er mat SA að frumvarpið í heild sinni muni stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum innkaupum og auðvelda framkvæmd og fyrirkomulag opinberra innkaupa hér á landi. Lögð er áhersla á að draga úr hindrunum, einfalda framsetningu útboðsreglna og gera þær aðgengilegri fyrir fyrirtæki á markaðnum. Í því sambandi má nefna að koma á fót sameiginlegum vettvangi þar sem allir opinberir aðilar skulu auglýsa sín innkaup. Gert er ráð fyrir að öll samskipti og upplýsingagjöf í innkaupaferli fari að jafnaði fram með rafrænum aðferðum í stað bréflegra samskipta. Til að draga úr skrifinnsku munu fyrirtæki ekki þurfa að leggja fram fjölda af gögnum og skjölum í upphafi hvers innkaupaferlis til sönnunar á hæfi. Þá eru samræmdar innkaupareglur sem gilda um ríki og sveitarfélög með þeim hætti að innlendir viðmiðunarfjárhæðir sem áður giltu eingöngu fyrir ríkið munu framvegis ná til sveitarfélaga.

Í núgildandi 18. gr. a. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup er kveðið á um innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra getur heimilað miðlægrri innkaupastofnun að bjóða út innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, og/eða miðlægar innkaupastofnanir eða sér. Í rökstuðningi fyrir beiðni innkaupastofnunar skal liggja fyrir sérstakt samkeppnismat. Heimildin skal því aðeins veitt að Samkeppniseftirlitið staðfesti samkeppnismat innkaupastofnunar.

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins er verið að afnema skyldu innkaupastofnunar til að láta fara fram samkeppnismat. Þess í stað er látið nægja að innkaupastofnun tilkynni Samkeppnisstofnun um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildarinnar. Slík tilkynningarskylda hefur ekkert vægi. SA telja þetta ákvæði ófullnægjandi, enda er í engu tilgreint í hverju rökstuðningurinn skuli fólgin. **SA leggja því til að heimildin verði einungis veitt fallist Samkeppniseftirlitið á rökstuðninginn.**

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

